



---

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

15. febrúar 2008

Efni:

**Umsögn Félags geislafræðinga um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, 353 mál.**

Breytingarnar sem lagðar eru til á lögum nr. 44/2002 um geislavarnir eru skynsamlegar og nauðsynlegar til að efla grunn geislavarna á Íslandi.

Skýr ákvæði sem undirstrika mikilvægi mælifræði og landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi hefur skort í íslensk lög, og vart er önnur stofnun betur til þess fallin að taka að sér það hlutverk en Geislavarnir ríkissins.

Sú meginstefna sem mörkuð var með lögum um geislavarnir nr. 44/2002 og verður enn frekar fest í sessi með þessari lagabreytingu, um að draga úr reglubundnu tæknilegu eftirliti, en gera þess í stað kröfur um virkt gæðaeftirlit og aukna ábyrgð notenda, er til þess fallin að efla gæðastarf í greininni og jafnframt að nýta sérfræðilækkingu á fræðasviðinu betur.


Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Athugasemd við 5 grein frumvarpsins, a-lið:

Í þessum lið er 10. grein núgildandi laga um geislavarnir breytt þannig að í stað orðsins „eigandi” komi „leyfishafi” og er það rökrétt breyting og vel rökstudd í athugasemdunum sem fylgja frumvarpinu.

**Lagt er til að sama breyting verði gerð á 3. grein núgildandi laga, 8. tölulið, sem og 19. grein, 1. málslíð.** Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um til hvers er vísað í hvert sinn og ekki verður annað séð af texta núgildandi laga en að samskonar merking sé lögð í orðið „eigandi” í greinum 3. 10. og 19. Til að koma í veg fyrir misskilning skal því nota sama orð allst staðar þar sem nú er notað orðið „eigandi”.

Fyrir hönd Félags geislafræðinga

  
Jónína Guðjónsdóttir  
geislafræðingur